

140 samþykki mitt til þess, að presturinn í Suðurdalþingum í Dalaprófastsdæmi, 4. nóvbr. síra Jóhannes L. L. Jóhannesson, veðsetji nokkuð af tekjum prestakallsins Miðdalahreppi fyrir allt að 500 króna láni til túbóta á prestssetrinu Kvennabrekku af fje því, er í núgildandi fjárlögum er veitt til lána handa sveitarfjelögum til framkvæmda í jarðabótum. Auðvitað er lántökuleysi þetta því skilyrði bundið, að umrætt lán uppá prestakallið endurborgist á eigi lengri tíma en fjárlögin til-taka um jarðabótaláni.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

141 Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi, um niðurlagning Dyrhólakirkju 15. nóvbr. og Sólheimakirkju og bygging nýrrar kirkju í staðinn. Eptir ósk hlutadeigandi sóknarnefnda og löglegru ályktun hjeradsfundarins í Vesturskaptafellsprófastsdæmi 7. júní þ. á, skal jeg samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegum brjefum, dagsettum 7. júlí s. á. og 11. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla, leggja samþykki mitt á, að kirkjurnar að Dyrhólum og Sólheimum í Mýrdal verði lagðar niður, þannig:

1. að Dyrhólasókn og Sólheimasókn verði ein kirkjusókn og byggð verði ein kirkja fyrir hinar sameinuðu sóknir sem næst miðsvæðis, enda tilfalli þeirri kirkju tekjur þær allar, er áður hafa tilfallið Dyrhólakirkju og Sólheimakirkju; og
2. að byggja megi kirkju þessa með kirkjugarði á landi þjóðjarðarinnar Ketilsstaða eða Skeiðflatar í Mýrdal í þeim stað, er hentugur verður talinn og umboðsmaður vísar á í samráði við hlutadeigandi sóknarnefnd, gegn því, að verði af ábúanda eða ábúendum þeirrar jarðar, þar sem kirkjan verður sett, farið fram á lækkun jarðarafgjaldsins í þessum notum og samkomulagi eigi verður náð milli ábúanda og sóknarnefndar um upphæð lækkunarinnar eða bótanna fyrir átroðning og jarðspjöll af kirkjubyggingunni, þá verði upphæð þessi ákveðin af tveim óvil höllum mönnum, er sýslumaður til þess nefnir utanrjettar, og greidd af kirkju-tekjunum, þannig að landsdrottinn bíði engan tekjuhalla við það að láta í tje kirkjustæði og kirkjugarðsstæði handa söfnuðinum.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.